

## Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

26. september 2018 kl. 8:10

### Mættir voru:

Áslaug Pálsdóttir, fulltrúi foreldra, Þorvar Hafsteinsson, grenndarfulltrúi, Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri, Alfreð Gústaf Maríusson, fulltrúi starfsmanna, Lovísa Hannesdóttir, fulltrúi kennara, Ástrós Magna Vilmundardóttir fulltrúi nemenda og Haukur Ingi Hauksson, fulltrúi nemenda.

Fjarverandi voru Theódór Aldar Tómasson, fulltrúi kennara og Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, fulltrúi foreldra.

### 1. Skólabyrjun

Guðrún Soffía fór yfir skólabyrjun. Fram kom að erfiðlega gekk að manna kennarastöður en síðustu kennararnir voru ráðnir rétt fyrir skólabyrjun. Þessi staða hefur ekki verið áður í Vatnsendaskóla. Enn eru vandræði með frístundina en ekki hefur tekist að manna hana að fullu þetta haustið. 1. og 2. bekkir eru komnir inn í frístundina og eru 18 nemendur á biðlista úr 3. og 4. bekkjum. Ástandið í frístundinni hefur verið erfitt í haust vegna manneklu og ekki síður vegna rútuplans frá Íþróttafélögunum sem voru á skjön við tímasetningar okkar hér í skólanum. Rútplanið var sent út án samþykkis skólastjórnenda.

### 2. Niðurstöður sjálfsmats Vatnsendaskóla – nemendakönnun og starfsmannakönnun

María aðstoðarskólastjóri fór yfir niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúlsins en 6. – 10. bekkir taka þátt í þessari könnun. Í fyrra voru 94,3% nemenda úr þessum aldurshópi sem svöruðu könnuninni. Farið var yfir niðurstöðurnar og kom fram að styrkleikar nemenda liggja í þrautsegju í námi og trú á eigin námsgetu. Einnig kemur fram að nemendum hafi gott sjálfsálit og þeim líði vel í skólanum. Ánægja nemenda af stærðfræði og náttúrufræði flokkast til umbóta.

María fór einnig yfir starfsmannakönnun sem Skólapúlsinn framkvæmdi síðastliðið vor. Flestir þættir komu vel út þar og er mikil starfsánægja meðal starfsmanna og góður starfsandi innan skólans. Þættir sem flokkast til umbóta varða stuðning við kennara vegna nemenda með námserfiðleika og hegðunarörðugleika. Fram kom að skólinn er að bregðast við þessu með því að setja alla kennara á námskeið í verkfærakistunni sem fyrirtækið KVAN heldur. Þetta námskeið var kynnt á skólaráðsfundi síðastliðið vor.

Guðrún Soffía upplýsti að Vatnsendaskóli er í úttekt í ytra mati frá Mennamálaráðuneytinu. Matið verður í nóvember og má búast við niðurstöðum í kringum áramótin.

### 3. Önnur mál

Rætt var um frístundina og að bæta mætti upplýsingagjöf til foreldra varðandi hana. Einnig var rætt um viðmið vegna skjánotkunar barna og unglinga.

Guðrún Soffía lagði fram ósk frá skólanum um breytingu á skóladagatali. Óskað var eftir því að færa til tvo skipulagsdaga eftir áramótin vegna námsferðar starfsfólks Vatnsendaskóla til Edinborgar 1. – 5. maí 2019. Óskað var eftir því að skipulagsdagarnir 3. janúar og 17. maí yrðu hefðbundnir kennsludagar en dagarnir 2. og 3. maí yrðu skipulagsdagar. Skólaráð samþykkti þessa breytingu og verður málið sent áfram til Menntaráðs.

Áslaug tilkynnti um nýja stjórn Foreldrafélags Vatnsendakóla. Rætt var um foreldrarölt og mikilvægi þess. Fram kom að fundur með bekkjarfulltrúum verður 4. október næstkomandi.

Rætt var um ný persónuverndarlög og að þau hamli að myndir af nemendum birtast opinberlega. Rætt var um hvort hægt væri að finna einhverja leið sem hægt væri að fara, þannig að foreldra gætu fengið myndir af börnum í leik og starfi á skólatíma. Fram kom að það er ekki auðvelt að finna þá leið.

Skólalóðin – verið er að skila malbikuðum velli og var umræða um hvort setja ætti eitthvað yfir hann. Einnig var umræða um hönnun skólalóðarinnar og hvar það ferli er statt. Guðrún Soffía ætlar að hafa samband við garðyrkjustjóra sem sér um þessi mál og athuga með stöðuna á þessum tveimur þáttum.

Skólaráðsfundur verður færður yfir á þriðjudaga og verður fastur tími þriðji þriðjudagur í hverjum mánuði.

Fundið slitið kl. 9:20